



## **FUNDARBOÐ 2. FULLTRÚARÁÐSFUNDAR laugardaginn 13. október 2018.**

Boðað er til 2. fulltrúaráðsfundar Round Table Ísland 2018-2019.  
Fundurinn verður haldinn í Valhöll á Eskifirði,  
laugardaginn 13. október frá kl. 10:00-15:00.  
Umsjón með fundinum hefur RT-16 Fjarðabyggð.

### **Dagskrá fundarins er eftirfarandi:**

1. Fundur settur.
2. Tilgangur Round Table lesinn.
3. Kosning fundarstjóra.
4. Val fundarritara.
5. Andakt.
6. Lögmæti fundarins kannað/kynningarhringur.
7. Fundargerðir aðalfundar og 1. fulltrúaráðsfundar RTÍ bornar upp til samþykktar.
8. Ávarp forseta RTÍ.
9. Skýrsla IRO um erlenda fundi.
10. Yfirlit gjaldkera RTÍ.
11. Skýrslur formanna klúbba og markmið vetrarins.
12. Skýrslur formanna þverklúbba.
13. Framboð til landstjórnar.
14. Umsóknir um 2. fulltrúaráðsfund (októberfund) næsta starfsárs.
15. Umsóknir um árhátíð 2020.
16. Tabler World.
17. Ferða happdrætti.
18. Önnur mál.
19. Fundarslit.

**Vignir Steinhólr Halldórsson**  
Forseti RTÍ 2018-2019

**Allir fyrir einn**

## **Dagskrá fundarins:**

### **1. Forseti RTÍ setur fundinn.**

Vignir Steinþór Halldórsson, forseti RTÍ setur fund formlega klukkan 10:00

### **2. Tilgangur Round Table lesinn.**

### **3. Kosning fundarstjóra.**

### **4. Val fundarritara.**

Stungið er upp á Þórmundi Helgasyni, varaforseta RTÍ.

### **5. Andakt.**

Viðar Valgeirsson, siðameistari RTÍ

### **6. Lögmæti fundarins kannað/kynningarhringur.**

Sjái aðalfulltrúar (formaður og/eða varaformaður) sér ekki fært að mæta þá verða varamenn þeirra að hafa meðferðis skriflegt umboð. Umboð verða vandlega yfirfarin og því þarf að vanda frágang og gæta þess að umboðið sé gilt og vottað af tveim klúbbfélögum.

### **7. Fundargerðir**

- a. Boðun fundar lögð fram til samþykktar.
- b. Fundargerð aðalfundar RTÍ 2017-2018 borin upp til samþykktar
- c. Fundargerð 1. fulltrúaráðsfundar 2018-2019 borin upp til samþykktar

### **8. Ávarp forseta RTÍ.**

Vignir Steinþór Halldórsson, forseti RTÍ.

### **9. Skýrsla IRO um erlenda fundi.**

Georg Fannar Haraldsson, IRO RTÍ

### **10. Yfirlit gjaldkera RTÍ.**

Guðjón Örn Sigtryggsson, gjaldkeri, fer yfir fjárhagsstöðu RTÍ og horfur.

### **11. Skýrslur formanna klúbba og markmið vetrarins.**

Formenn hafa 3 mínútur til kynningar. Greina skal frá:

- a) Fjöldi félaga og hvað margir eru í leyfi?
- b) Hver er aldursdreifing klúbbsins og hvernig viljum við ná inn yngri félögum?
- c) Starfs- og stefnumarkmið klúbbsins fyrir veturinn?

### **12. Skýrslur formanna þverklúbba.**

Formenn þverklúbba fara yfir starfssemi sína og hver sé staða og markmið klúbbanna.

- a) Góðgerðaklúbbur RTÍ
- b) Veiðiklúbbur RTÍ
- c) Mótorklúbbur, Ferðaklúbbur, Pottarar o.fl. ef eru.

**Allir fyrir einn**

### **13. Framboð til landstjórnar.**

Þeir sem áhuga hafa á að bjóða sig fram til forystu Round Table Íslands eru hvattir til að kveða sér hljóðs og tilkynna um framboð sitt til landstjórnar RTÍ.

### **14. Umsókn um 2. Fulltrúaráðsfund**

Þeir klúbbar sem áhuga hafa á að halda 2. fulltrúaráðsfundinn (októberfund) að ári leggja fram umsókn og kynna hana. Úthlutun fer fram á fundinum. Þjóðist fleiri en einn klúbbur til að taka að sér fundinn fer fram leynileg atkvæðagreiðsla skv. lögum RTÍ.

### **15. Umsóknir um árshátíð 2019.**

Þeir klúbbar sem hafa áhuga á að sækja um aðalfund RTÍ og sameiginlega árshátíð LCÍ og RTÍ árið 2020 leggja inn formlega umsókn undir þessum lið.

### **16. Tabler World.**

Daníel segir okkur frá þessu verðuga verkefni alheimsstjórnar.

### **17. Ferðahappdrætti.**

Þeir klúbbar sem dregnir eru út skulu hafa svarað landstjórn hver muni fara frá sínum klúbbi fyrir 1.1.2019.

Annars gengur miði áfram til vara klúbbs, ef engin úr varaklúbb mun nýta miðan mun Landstjórn úthluta vinningnum til þess sem vilja nýta miða.

### **18. Önnur mál.**

Undir önnur mál leggja fulltrúar á fundinum eða stjórn fram málefni sem varða starfsemina.

### **19. Fundarslit.**